

LEIÐBEININGAR FYRIR STARFSFÓLK
Í SKÓLA OG FRÍSTUNÐASTARFI

Röskun á skóla- og frístundastarfi



Hvernig á að bregðast við
veðurviðvörðun frá Veðurstofu Íslands?



Almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins

Leiðbeiningar um viðbrögð starfsfólks skóla- og frístundastarfs

Starfsfólk skóla og frístundastarfs þarf að fylgjast með veðurspám og viðvörðunum Veðurstofu og bregðast við samkvæmt þeim. Mikilvægt er að viðbragðsáætlun sé til staðar og að skýrt sé hver hlutverk aðila eru í þeim aðgerðum sem fara þarf í hverju sinni.

Leiðbeiningar þessar eiga við börn yngri en 12 ára. Athugið að hér er um viðmið að ræða sem er ávallt háð mati foreldra/forráðamanna (hér eftir nefndir forsjáraðilar).

Ábyrgð

Þegar óveður raskar skólstarfi að morgni dags er ábyrgð á höndum forsjáraðila. Þeir þurfa að fylgjast með veðri og ákveða hvort barnið gangi eitt í skóla eða ekki.

Ef börn eru stödd í skóla eða frístundastarfi þegar viðvörðun er í gildi er það á ábyrgð skóla og frístundastarfs að senda tilkynningu til forsjáraðila um að sækja börnin. Þá skal starfsfólk skóla og frístundastarfs fylgja eftirfarandi leiðbeiningum.

Mikilvægt er að starfsfólk skóla kynni sér vel leiðbeinandi reglur fyrir forsjáraðila um sama efni. Skólastjórnendur skulu vekja athygli starfsfólks og forsjáraðila á reglum þessum í upphafi hvers skólaárs.



Upplýsingaskylda skóla

Áriðandi er að skólar og frístundamiðstöðvar miðli upplýsingum eins fljótt og auðið er um stöðu mála á vefsíðum sínum og í upplýsingakerfum á borð við **Mentor**, **Námfús** og **Innu** og uppfæri þær eftir þörfum. Skýrt skal vera hvaða starfsmaður/-menn beri ábyrgð á upplýsingamiðlun. Mikilvægt er að sá sem svarar fyrirspurnum af hálfu skóla og frístundastarfs sé ávallt vel upplýstur um stöðu mála svo tryggt sé að þeir sem leiti til hans fái réttar upplýsingar hverju sinni.

Viðbúnaður

Verði röskun á skóla- eða frístundastarfi eru skólar engu að síður opnir og taka á móti nemendum. Þá er þeim eindregnu tilmælum beint til forsjáraðila að fylgja yngri börnum til skóla og yfirgefa þau ekki fyrr en þau eru í öruggum höndum starfsfólks. Því er áriðandi að starfsfólk tryggji móttöku barnanna.

Meti forsjáraðilar það svo að best sé að halda barni heima vegna veðurs eða færðar skulu þeir tilkynna skólanum um forföll barnsins og skoðast það þá af hálfu skólans sem eðlileg forföll. Almennavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins gefur ekki út tilkynningar nema aðstæður séu þannig að frávik verði frá leiðbeiningum þessum og leiðbeiningum til forsjáraðila.

Fræðslufirvöld halda í gegnum **BJARGIR** lista yfir tengiliði með netföngum og símanúmerum starfsfólks skóla og frístundastarfs sem notaður er til að senda sérstakar tilkynningar ef þess er þörf. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins boðar a.m.k. árlega til fundar með fræðslufirvöldum til að undirbúa veturinn og uppfæra lista yfir fræðslufirvöld sveitarfélaga.



GRÆNN DAGUR

Leiðbeiningar frá Veðurstofu

Óveruleg áhrif á daglegar athafnir.

Græn viðvörðun gefur til kynna að spár hafi batnað eða að veðri sem var spáð hafi gengið yfir fyrr en áætlað var

Hvernig á starfsfólk að bregðast við?

Að morgni dags:

Engra aðgerða er þörf.

Í lok skóladags:

Engra aðgerða er þörf.





GUL VIÐVÖRUN

Leiðbeiningar frá Veðurstofu

Veðrið getur haft nokkur eða staðbundin áhrif og valdið töfum, slysum eða tjóni ef aðgát er ekki höfð. Slík veður eru ekki óalgeng en krefjast árvekni við skipulagningu atburða og ferðir milli landshluta. Óveruleg áhrif á samgöngur, innviði og þjónustu.

Gul viðvörðun getur einnig gefið til kynna að litlar eða miðlungs líkur séu á mjög áhrifamiklu veðri á næstu 3–5 dögum.

Hvernig á starfsfólk að bregðast við?

Að morgni dags:

Forsjáraðilar bera ábyrgð á að fylgja börnum í skólann eftir þörfum.

Í upphafi skóladags getur orðið seinkun á því að skólar verði fullmannaðir. Starfsfólk getur þá leitað til forsjáraðila eftir aðstoð við móttöku barna og gæslu. Mikilvægt er þá að það starfsfólk sem mætt er til starfa gefi forsjáraðilum skýr fyrirmæli um hlutverk þeirra og leysi þá undan skyldum við fyrsta hentugleika með bestu þökkum af hálfu skólans.

Í lok skóladags:

Í lok skóla- og frístundastarfs er metið hvort óhætt sé að senda börn heim eða hvort ástæða sé til að forsjáraðilar sæki þau.

Ef ekki er hægt að senda börn ein heim er mikilvægt að tryggja að þau yfirgefi ekki skólann/frístundastarfið nema í fylgd með forsjáraðilum. Við þær aðstæður verða skólar/frístundamiðstöðvar að upplýsinga um stöðu mála á vefsíðum sínum og í upplýsingakerfi skólans.

Lendi starfsfólk í erfiðleikum við að koma börnum heim í lok dags ber stjórnendum að hringja í 112 og óska eftir sambandi við aðgerðastjórn höfuðborgarsvæðisins. Mikilvægt er þá að starfsfólk hafi samband við forsjáraðila þeirra barna sem um ræðir.



APPELSÍNUGUL VIÐVÖRUN

Leiðbeiningar frá Veðurstofu

Miðlungs eða miklar líkur eru á veðri sem valdið getur miklum samfélagslegum áhrifum. Veðrið getur valdið tjóni og slysum og ógnar mögulega lífi og limum ef aðgát er ekki höfð. Skerðing á samgöngum, innviðum og þjónustu er tímabundin eða staðbundin. Veður sem þessi verða nokkrum sinnum á ári.

Hvernig á starfsfólk að bregðast við?

Viðbrögð eru þau sömu og við gula viðvörðun nema meiri líkur eru á að starfsfólk þurfi að leita aðstoðar forsjáraðila við móttöku barna og gæslu og við að sækja börnin eða fá aðstoð við að koma þeim heim í lok dags.

Að morgni dags:

Forsjáraðilar bera ábyrgð á að fylgja börnum í skólann eftir þörfum.

Í upphafi skóladags getur orðið seinkun á því að skólar verði fullmannaði. Starfsfólk skóla getur þá leitað til forsjáraðila eftir aðstoð við móttöku barna og gæslu. Mikilvægt er þá að það starfsfólk sem mætt er til starfa gefi forsjáraðilum skýr fyrirmæli um hlutverk þeirra og leysi þá undan skyldum við fyrsta hentugleika með bestu þökkum af hálfu skólans.

Í lok skóladags:

Geisi óveður við lok skóla- eða frístundastarfs er metið hvort óhætt sé að senda börn heim eða hvort ástæða sé til að forsjáraðilar sækji þau. Þá eru gefnar út tilkynningar um það, auk þess sem starfsfólk hefur samband við forsjáraðila. Við þessar aðstæður er mikilvægt að tryggja að börn yfirgefi ekki skólann/frístundastarfið nema í fylgd með forsjáraðilum.

Lendi starfsfólk í erfiðleikum við að koma börnum heim í lokdags vegna veðurs eða færðar ber stjórnendum að hafa samband við 112 og leita aðstoðar. Mikilvægt er þá að starfsfólk hafi samband við forsjáraðila þeirra barna sem um ræðir.



RAUÐ VIÐVÖRUN

Leiðbeiningar frá Veðurstofu

Miklar líkur eru á veðri sem hefur mjög mikil samfélagsleg áhrif eða slíkt veður stendur yfir. Einstaklega áköfum og hættulegum veðurskilyrðum er spáð.

Búast má við miklum skemmdum, líkur á slysum eru miklar og veðrið ógnar lífi og limum. Viðbúið er að samgöngur lokist og aðgengi að innviðum og þjónustu skerðist.

Hvernig á starfsfólk að bregðast við?

Að morgni dags:

Forsjáraðilar bera ábyrgð á að fylgja börnum í skólann ef ekki er búið að upplýsa þá um að skólahald falli niður.

Töluverðar líkur eru á að skóla- og frístundastarf falli niður.

Komist enginn starfsmaður til vinnu af eigin rammleik ber stjórnendum að hafa samband við 112 og leita aðstoðar til að tryggja lágmarksmönnun. Misbrestur getur þó orðið á því að tilkynning af þessu tagi skili sér til allra og því er mikilvægt að yfirstjórn skóla/frístundastarfs sjái til þess að unnt sé að veita upplýsingar á staðnum og tryggi að börn lendi ekki í hrakningum.

Í lok skóladags:

Starfsfólk skal tryggja að börn yfirgefi ekki skóla eða frístundastarf nema í fylgd með forsjáraðilum.

Lendi starfsfólk í erfiðleikum við að koma börnum heim í lok dags vegna veðurs eða færðar ber stjórnendum að hafa samband við 112 og leita aðstoðar. Mikilvægt er þá að starfsfólk hafi samband við forsjáraðila þeirra barna sem um ræðir.



Almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins

2020